

Nd.

334. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Fhm.: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist svo:

Í stað orðanna „allt að 1½ milljón kr.“ komi í báðum stöðum: allt að 3 milljónum kr.

Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa handhafavaxtabréf Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina.

2. gr.

2. málsg. 5. gr. hljóði svo:

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó útgerðarsamvinnufélögum, sem stofnuð verða og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, lán út á hvert skip, er nemi allt að ⅓ kaupverðs. Félög þessi skulu sitja fyrir lánnum úr sjóðnum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist stafliður c, svo hljóðandi:

Gegn 1. veðrétti í skipum útgerðarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, allt að ⅓ virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

Lán þessi séu auk þess tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpinu visast til ástæðna fyrir frumvarpi til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem nú er lagt fyrir Alþingi.